AUGLÝSING

um gildistöku samþykktar um stofnun Iðnþróunarsjóðs EFTA fyrir Portúgal.

Samkvæmt tilkynningu framkvæmdastjóra Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) gekk samþykkt nr. 4 frá 7. apríl 1976 um stofnun Iðnþróunarsjóðs EFTA fyrir Portúgal í gildi hinn 1. febrúar 1977.

Samþykktin ásamt stofnskrá sjóðsins var birt með auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 17/1976.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. febrúar 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Nr. 7. 1. mars 1977.

AUGLÝSING

um niðurfellingu á samkomulagi um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Pakistan o. fl.

Með erindaskiptum 4. janúar og 3. febrúar 1977 var gengið frá gagnkvæmu samkomulagi milli Íslands og Pakistan um niðurfellingu á samkomulagi því, sem gert var milli ríkjanna 1. ágúst 1974 um afnám vegabréfsáritana. Þrátt fyrir þetta munu handhafar diplómatískra vegabréfa og handhafar þjónustuvegabréfa ekki þurfa vegabréfsáritanir. Um leið varð samkomulag um að fella niður gjald fyrir vegabréfsáritanir.

Samkomulagið frá 1974 fellur niður 1. mars 1977.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 1. mars 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Nr. 8. 25. apríl 1977.

AUGLÝSING

varðandi samkomulag um rekstur veðurathugunarstöðva á Norður-Atlantshafi.

Á fyrsta fundi stjórnarnefndar samkomulagsins um rekstur veðurathugunarstöðva á Norður-Atlantshafi, sem haldinn var í Genf dagana 13.—16. desember 1976, var gerð samþykkt um lagfæringar á texta 5., 16. og 19. greinar samkomulagsins svo og viðauka III við það.